

[Til baka](#)[Prenta](#)

Oddi bs - 3

**Haldinn Suðurlandsvegi 1-3,
21.3.2016 og hófst hann kl. 10:00**

Fundinn sátu: Þorgils Torfi Jónsson, Egill Sigurðsson, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Sólrún Helga Guðmundsdóttir, Nanna Jónsdóttir og Ágúst Sigurðsson

Fundargerð ritaði: Ágúst Sigurðsson

Einnig sat fundinn Klara Viðarsdóttir aðalbókari undir liðum 1 og 2.

Dagskrá:

Almenn mál

1. 1603030 - Rekstraráætlun 2016 - Oddi bs

Enduruppsett rekstraráætlun fyrir Odda bs.

Niðurstaða fundar:

Lögð fram enduruppsett rekstraráætlun fyrir Odda bs. Þar sem búið er að sameina og aðlaga rekstrarliði úr fyrra rekstrarformi. Raunkostnaður hvors sveitarfélags eru skv. þessari áætlun 49.905 þ., Rangárþing ytra, og 8.126 þ., Ásahreppur, á mánuði.

Lagt fram til kynningar.

Fylgiskjöl:

- [Áætlun og skipting Oddi.pdf](#)

2. 1603029 - Rekstraryfirlit Oddi 21032016

Yfirlit um rekstur jan-feb 2016.

Niðurstaða fundar:

Lagt fram til kynningar.

3. 1601023 - Átak til eflingar leikskólastigsins

Framhaldsumræða um afrakstur vinnu starfshóps á vegum fræðslunefndar.

Niðurstaða fundar:

Tillaga er um að efna til átaks til eflingar leikskólastigsins. Aukinn kostnaður á árinu 2016 er áætlaður um 3 m. króna miðað við að kostnaður við átakið reiknist frá og með 1. september. Stjórn óskar eftir þessu aukaframlagi frá sveitarfélagunum fyrir árið 2016.

Samþykkt samhljóða.

Fylgiskjöl:

- [Fiármögnun átaksins](#)
- [ODDI-Lsk Átak til eflingar leikskólastigsins.pdf](#)
- [Oddi bs - 2 \(22.2.2016\) - Átak til eflingar leikskólastigsins](#)

4. 1601019 - Vistun á leikskóla eftir sumarlokun

Kostnaður og aðrar forsendur.

Niðurstaða fundar:

Fyrir liggur minnisblað. Eftir skoðun málsins telur stjórn Odda best að halda áfram með núverandi fyrirkomulag.

Samþykkt samhljóða.

Fylgiskjöl:

- [Aukaopnun skóladaqheimilis](#)

Mál til kynningar

5. 1603046 - Yfirlit um fjölda rýma á leikskólum Odda bs.

Til kynningar.

Niðurstaða fundar:

Fyrir liggur að 75 börn eru í Heklukoti og 33 í Leikskólanum á Laugalandi og teljast báðir leikskólarnir fullskipaðir nú um stundir. ÁS falið að taka saman tölur um þróun fjölda undanfarin ár og í fyrirsjáanlegri framtíð. Einnig tölur um grunnþarfir í rými skv. reglum þar um og leggja fram á næsta fundi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:00

[Til baka](#)

[Prenta](#)